



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t.bæjarráðs
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 26. júlí 2017
1707051 VJ/gjó

Efni: Námsgögn í grunnskólum Akraneskaupstaðar

Á fundi skóla- og frístundaráðs Akraneskaupstaðar, sem haldinn var þann 25. júlí 2017, var fjallað um frí námsgögn í grunnskólum Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að frá og með hausti 2017 muni Akraneskaupstaður leggja öllum grunnskólanemendum til námsgögn þ.e. ritföng og stílabækur, foreldrum að kostnaðarlausu. Áætlaður heildarkostnaður er rúmar 4 mkr. á ári eða kr. 4.000 pr. nemanda.

Með ákvörðun sinni vill skóla- og frístundaráð tryggja öllum börnum á grunnskólaaldri á Akranesi, grunnmenntun án endurgjalds og stuðla þannig að jafnræði í námi.

Skóla- og frístundaráð vísar tillögu sinni til bæjarráðs með beiðni um viðbótarfjármagn að fjárhæð 2 mkr. vegna haustannar 2017. Útgjöldum að fjárhæð um 4 mkr. vegna námsgagnakaupa á árinu 2018 verði vísað til komandi fjárhagsáætlunargerðar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Valgerður Janusdóttir
sviðsstjóri